

AUÐKENNDAR BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SJÓÐSINS ÁSAMT STARFSMANNA BÚNAÐARBANKA ÍSLANDS HF

ÁSAMT SKÝRINGUM

Breytingar þær sem hér eru lagðar fram snúa að 11. gr. samþykktu sjóðsins ásamt breytingu á Viðauka IV er tekur til yfirlits yfir sérstakar breytingar á réttindum sjóðfélaga.

Breytingar á 11. gr. og Viðauka IV eru til þess fallnar að auka áunnin réttindi sjóðfélaga.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með ~~rauðu letri og yfirstrikun~~.

Breytingar á 11. gr. og Viðauka IV

11. gr. Ellilífeyrir

Þegar kemur að töku ellilífeyris skulu reiknuð áunnin réttindi sjóðfélaga aukin um 2% m.v réttindi í árslok 2014, 10% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2015 ~~og~~ 5% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2020 og 6% til viðbótar m.v réttindi í árslok 2021. Þá skulu heildar reiknuð áunnin réttindi við töku ellilífeyris aukin um 14% . Réttindin taka eftir það breytingum í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Í viðauka IV er kveðið á um áhrif þessara breytinga á réttindi sjóðfélaga sem byrjað hafa töku ellilífeyris eða látið af störfum áður en ákvarðanir um réttindaaukningu samkvæmt framangreindu töku gildi.

Viðauki IV – yfirlit yfir sérstakar breytingar á réttindum

1. 29. maí 2013; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2013 skulu aukin um 14% miðað við réttindi í árslok 2012 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2013. Frá og með þeim degi taka áunnin réttindi breytingum í samræmi við breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2013.
2. 27. maí 2015; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2015 skulu aukin um 2% miðað við réttindi í árslok 2014 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2015. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2015.
3. 25. maí 2016; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2016 skulu aukin um 10% miðað við réttindi í árslok 2015 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. júlí 2016. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2016.
4. 29. júní 2021; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2021 skulu aukin um 5% miðað við réttindi í árslok 2020 og kemur

aukningin til framkvæmda frá og með 1. janúar 2021. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013 og 27. maí 2015 og 25. maí 2016.

Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir janúarmánuð 2021.

5. 1. júní 2022; Samþykkt á ársfundi að áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga sem látið hafa af störfum og hætt greiðslum til sjóðsins fyrir 1.7.2022 skulu aukin um 6% miðað við réttindi í árslok 2021 og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022. Breyting þessi er til aukningar á áunnum lífeyrisréttindum sem samþykkt var 29. maí 2013, 27. maí 2015, 25. maí 2016 og 29. júní 2021. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir janúarmánuð 2022.

Rökstuðningur:

Með breytingu á 11. gr. eru áunnin réttindi sjóðfélagar aukin um 6% til viðbótar við þær aukningar sem áður hafa verið samþykktar. Réttindaaukning þessi kemur til framkvæmda þegar kemur að töku ellilífeyris.

Ný grein bætist við Viðauka IV, 5. gr. Þar er kveðið á um það með hvaða hætti 6% réttindaaukning kemur fram hjá þeim sjóðfélögum sem hófu töku ellilífeyris fyrir 1. júlí 2022. Réttindaaukning kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022 en greiðist afturvirkkt fyrsta dag næsta mánaðar eftir að staðfesting ráðherra á samþykktarbreytingum liggur fyrir.